

Tillaga til þingsályktunar

um tryggan lágmarkslífeyri.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson,
Sigurjón Þórðarson, Gunnar Örlygsson.

Alþingi ályktar að bæta skuli þjóðfélagsstöðu lífeyrisþega sem fá minni lífeyri greiddan úr lífeyrissjóði sínum en 50 þús. kr. á mánuði með því að breyta bótareglum almannatrygginga þannig að lífeyrisgreiðslur undir 50 þús. kr. á mánuði skerði ekki grunnlífeyri, tekju-tryggingu, heimilisuppbót eða aðrar samsettar lágmarksbætur lífeyrisþegans. Fyrir hverjar 10 þús. kr. sem greiddur lífeyrir úr lífeyrissjóði er umfram 50 þús. kr. verði skerðing $\frac{1}{5}$ þess sem nú er, fyrir hverjar 10 þús. kr. sem lífeyrir er umfram 60 þús. kr. verði skerðing $\frac{2}{5}$ þess sem nú er, fyrir hverjar 10 þús. kr. umfram 70 þús. kr. verði skerðing $\frac{3}{5}$ þess sem nú er og fyrir hverjar 10 þús. kr. umfram 80 þús. kr. $\frac{4}{5}$ þess sem nú er.

Greinargerð.

Tillaga þessi er nú endurflutt til þess að fá fram hver vilji meiri hluta Alþingis er gagnvart þeim lífeyrisþegum sem búa við lökust lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum. Hér er í flestum tilfellum um að ræða fólk sem á starfsævi sinni hafði frekar lág laun eða naut ekki greiðslu af launum sínum í lífeyrissjóð að hluta eða öllu leyti fyrr en of seint miðað við aldur til þess að öðlast lífeyri sem dugar til framfærslu á efri árum.

Vitað er að lífeyrisgreiðslur til fjölda lífeyrisþega eru enn of lágar til þess að geta verið meginstoð í afkomutryggingu allra lífeyrisþega. Sú aðferð sem hér er lögð til leiðir til þess að greiðsla úr lífeyrissjóði undir 50 þús. kr. á mánuði skerðir engar bætur sem lífeyrisþeginn fær úr almannatryggingum. Útfærslan virkar einnig þannig að eftir því sem fleiri landsmenn fá hærri lífeyri en 50 þús. kr. á mánuði, en þeim fjölgar vonandi hratt á næstu árum, þá fækkar þeim sem njóta þessarar reglu sem leiðir til þess smám saman að kostnaður ríkissjóðs minnkar. Rétt er að vekja athygli á því að eins og reglan er útfærð minnkar hún svokölluð jaðarskattaáhrif. Verði tillagan samþykkt og framkvæmd eftir efni sínu verður hagur lífeyrisþega með lágan lífeyri mun tryggari en nú er.

Alþýðusamband Íslands kynnti sl. vor tillögur sínar í velferðarmálum þar sem sambandið tók undir það sjónarmið sem kemur fram í þessari þingsályktun. Í tillögum Alþýðusambandsins segir: „Til að jafna þennan mun þarf að beita tekjutengdum lífeyri frá almannatryggingum með frítekjumörkum vegna lífeyris frá lífeyrissjóðum. Tekjutengingin þarf að breytast í samræmi við auknar greiðslur frá lífeyrissjóðunum til eftirlaunaþega.“ (Velferð fyrir alla – áfangaskýrsla mars 2003, bls. 37.)